

Haustfundur SFA

Haldinn í Gerðubergi - Rvk. 25. sept 2015 kl. 13:30

Heiðrún D. Eyvindardóttir, formaður SFA bauð fundarmenn velkomna. Hún byrjað á að kynna nýja forstöðumenn og bauð þá sérstaklega velkomna í félagið:

Björgvin Gíslason hjá Bókasafni Bolunarvíkur
Guðríður Sigurbjörnsdóttir hjá Borgarbókasafni Rvk. – Sólheimum
Andrea Ævarsdóttir hjá Bókasafni Grindavíkur
Lísa Valdimarsdóttir hjá Bókasafni Kópavogs
Sólveig Benjamínsdóttir hjá Bóka- og skjalasafni Húnaþing vestra – Hvammstanga
Óskar Guðjónsson hjá Bókasafni Hafnarfjarðar
Margrét Sigurgeirsdóttir hjá Bókasafni Garðabæjar
Elísa Elíasdóttir hjá Héraðsbókasafni Rangæinga
Kristín Arnþórsdóttir hjá Bókasafni Seltjarnarness

Svo bauð Heiðrún fundarmönnum um að kynna sig. Að því loknu tilkynnti hún Barböru H. Guðnadóttur sem fundarstjóra og ritari er Heiðrún.

Barbara H. Guðnadóttir tekur við fundarstjórn og kynnir fundarefni dagsins.

Þjóðarsáttmáli um læsi, hlutverk og möguleikar almenningsbókasafnanna til að leggja honum lið.

Framsögumaður: Gylfi J. Gylfason verkefnisstjóri hjá Menntamálastofnun

Gylfi talaði um að þannig væri komið fyrir bókaþjóðinni að 30% drengja og 12% stúlkna sem ljúka grunnskóla, lesa sér ekki til gagns. Þróunin í Písa könnunum er sú, að okkur er að fara aftur miðað við þau lönd sem við berum okkkur saman við. Hér útskrifast fólk ekki úr háskólanámi fyrr en um þrítugt en ætti að vera 23gja ára.

Þetta er þróun sem verður að snúa við og er hægt að snúa við.

Gylfi var fræðslustjóri í Reykjanesbæ og þar var gerð könnun á læsi sem kom mjög illa út. Þá var sett í gang áttak sem skilaði sér þangað að Reykjanes er nú fremst meðal jafningja.

Lestrarkennslu er almennt hætt eftir 3 ár bæði í skólunum og á heimilum. Frá þriðja til sjötta fer börnum aftur. Börn lesa ekki kerfisbundið.

Átakið gengur meðal annars út á það að nú fær kennarinn strax að hausti skimunarpróf svo þá veit hann hver staðan er.

Kennarar geta valið aðferðir. Þeir mega nota hvaða aðferð sem er bara ef þetta skilar sér.

Úr 78% í 90% gerir kröfu um að það sé gert plan um að ná árangri.

Á Reykjanesinu tók það um ár að keyra inn nýja aðferð og hvert ár síðan hefur verið það besta frá upphafi.

Öll sveitafélög búin að samþykkja þetta.

Allir geta þetta og kennararnir líka – ef þau vilja leggja þessu lið.

Gylfi sagðist undra sig á að bókasafnshlutanum væri gert lágt undir höfði í Hvítbókinni. Sjálfur var hann alltaf á bókasafninu sem krakki en nú sækja krakkar í aðra afþreyingu og meira í myndefni og hreyfingu.

En börn verða bara að lesa og allir þurfi að taka höndum saman um það. Við þurfum að vera ágeng og skemmtileg og bjóða uppá skemmtikvöld t.d.

Fólk verður að vita afhverju lestur skáldsagna er nauðsynlegur. Þrengir að ímyndunaraflinu ef þú ert ekki með nægan orðaforða. Og orðaforði eykst við lestur góðra bóka

Allar listir kenna grunnatrið áður en þú verður listamaður.

Fá börnin snemma – halda þeim inni – við þurfum að vera skapandi í aðferðum okkar til þess.

Umræður:

Umræður urðu allnokkrar um þetta efni. Talað um að kennarar fengju ekki nægan stuðning allstaðar til að gera þetta.

Það var líka rætt um hvort skortur væri á bókum sem börnum þætti áhugaverðar, hvort ætti að spyrja börn um hvernig bækur þau vildu lesa og fá svo rithöfunda til að skrifa í þá átt.

Rætt var um að bókasöfnin þyrftu að vera óhrædd við að bjóða fram sínar hugmyndir og deila þeim milli safna. Bent á að bókasöfnin væru afar dugleg við að deila sín á milli.

Einnig talað um hvað hægt er að gera ef fólk er mótiverað, Ævar vísindamaður nefndur í því samhengi og hvað hann hefur áorkað mikilu með krökkunum.

Ný heimasíða fína – félagsins.

Framsögumaður: Áslaug Bjarnadóttir forstöðumaður Bókasafns Hrunamanna.

Áslaug sagði að stjórnin hefði falið vefhönnunarfyrirtækinu Núna ehf að hanna nýja vefsíðu fyrir Samtökin. Hún varpaði nýju vefsíðunni á tjald svo að fundarmenn gætu séð útlit hennar sem og það efni sem nú þegar er komið inn. Einsog er, þá er slóðin tímabundinn vinnulinkur en vonandi verður fljótlega hægt að flytja nýju síðuna yfir á lénið fina.is Nýja vefsíðan er unnin í Joomla vefumsjónarkerfinu og er hönnuð með það að markmiði að opnast auðveldlega í sínum og öðrum snjalltækjum. Búið er að flytja mest allt efnið sem var á gömlu heimasíðu Samtakanna yfir á þá nýju og svo stendur til að flytja fundargerðir, myndir og annað efni sem var á SimpleSite síðu Sunnu á Grundarfirði yfir á nýju heimasíðuna. Þegar

megnið af efninu verður komið inn og búið verður að flytja nýju síðuna yfir á slóðina fina.is mun stjórnin tilkynna það félagsmönnum á póstlista fina.

Áslaug sagði að útlit vefsins væri ekki endanlegt, hugmyndin væri að skipta t.d. um mynd efst á síðunni og allar ábendingar um það sem betur mætti fara væru vel þegnar.

Umræður

Ábending kom um að setja „facebook“ merki á heimasíðuna.

Fundur í Mosfellsbæ þarf að koma inn. Meira efni í fundargerðinni.

Rætt var um hvort ástæða væri til að hafa einhverja hluta síðunnar lokaða.

Ábending kom um að hafa tengla í ákveðna vefi. Pálína nefndi danska vefsíðu um almenningsbókasöfn sem væri mjög áhugaverð og skemmtileg að skoða til að fá hugmyndir. Áslaug þakkaði fyrir þá hugmynd og ætlar að vera í sambandi við Pálínu með að fá nánari upplýsingar um vefsíðuna.

Í framhaldi af þeirri umræðu var bent á, að síðan „Greinar“ á nýju heimasíðunni mætti heita „Greinar og krækjur“. Þar væri t.d. hægt að setja inn slóðir á áhugaverði vefi. Einnig kom til tals áhugaverð skýrsla sem Hólmkell sendi.

Samfélagsumræða á almenningsbókasöfnum.

Framsögumaður: Pálína Magnúsdóttir Borgarbókasafns

Nýlega breyttist nafn Borgarbókasafns í takt við þá þróun sem verið hefur undanfarin ár hjá bókasöfnum, söfnin heita núna Borgarbókasafn menningarhús. Gerðuberg er hús sem hefur gert vel í menningarmálum um langt skeið og reynslan þaðan nýtist vel. Það hefur verið bókasafn síðan 1986, mjög vel heppnað safn. Nú þarf að fara að huga að endurbótum enda safnið að verða 30 ára.

Það er galið að vera með þetta sitt í hvoru lagi. Nú heyrir menningarhúsið undir bókasafnið. Þarna hefur lengi verið góð dagskrá – heimspeki kvöld og bókasjall – kajakagerð ofl. Breiðholtið er komið á kortið með þessu húsi. Fablab komið hérna og allskyns hverfafundir í húsinu.

Samfélagsumræða í smærri samfélögum

Hitamál er sjálfsagt að ræða á Bókasöfnum af því að þau eru hlutlaus. Forstöðumenn kynntust þessu í Hollandsferðinni þar sem bókasöfn virðast hafa úr miklu að móða og eitt safnið réði til sín blaðamann til að sjá um fundarhöld af þessu tagi. Slík starfsemi gerir bókasafnið að hreyfiafli í samélaginu.

Umræður

Erla Kristín - það er verið að gera rými fyrir fundi og í nýjum bókasafnslögum 2014 þá er sagt að söfnin eigi að stuðla að samfélagsumræðu.

Mannréttindi voru rædd og fleira eftir að ráðist var á menningarhús í Danmörku.

Samfélagsmálefni. Borgin fær aldrei að skipta sér af safnkosti, það er ekki þeirra að segja til um hvort við kaupum einhver ákveðin blöð eða bækur. Það koma auðvitað upp ýmsar siðferðilegar spurningar eins og t.d. hvort maður leyfir nazistum að tala.

Erla Kr. segir frá því að þau neituðum ákveðnum stjórnmalaflokki um húsnæði, hefði líka verið hægt að segja já og bjóða öllum flokkum afnot.

Stjórnlagaumræðan mjög flókin – en passað uppá að allir hefðu jafnan aðgang.

Við getum verið miklu meira hreyfiafl.

Á Borgarbókasafninu er alltaf verið með fundi á afgreiðslutíma.

Barbara talar um samfélagsmiðlana - hægt að halda fundi um það sem er verið að bulla um á samélagsmiðlum og koma þannig í veg fyrir að hvers kyns misskilningur og „bjóðsögur“ náí fótfestu.

Að lokinni umræði bauð Erla Kristín þeim sem þyrftu að panta kort að vera í samfloti með Borgarbókasafni, það munar miklu í kostnaði að vera með í stórri pöntun.

Fundi slitið 15:45.

Heiðrún D. Eyvindardóttir.